Séð og heyrt á Hótel Sögu

Bændahöllin í Reykjavík er eitt stærsta og glæsilegasta hús sem reist hefur verið hér á landi. Hún gnæfir yfir umhverfi sitt á Melunum í Reykjavík, í góðu nábýli við Neskirkju, Háskólabíó, Háskólann og ýmsar aðrar virðulegar byggingar.

Stórhugur þeirra sem stóðu fyrir byggingu Bændahallarinnar á sínum tíma, átti ekki alls staðar upp á pallborðið, meðal bænda og búaliðs. Er slíkt ekkert undrunarefni því „svo er margt sinnið sem skinnið" og sú virðist hafa verið ríkjandi staðreynd í þróunar- og framkvæmdasögu liðinna áratuga, að allar meiri háttar framkvæmdir hafa orsakað deilur — jafnvel allharðar stundum. En sem betur fer eru úrtölueinstaklingarnir yfirleitt hægari á sprett inum en athafnamennirnir. *Þess vegna hafa þeir síðarnefndu oftast farið með sigur af hólmi* — og mannvirki ýmis konar víða um land órækasti vottur um framsýni þeirra og fyrirhyggju.

Og nú hefur Bændahöllin verið starfrækt um nokkurn tíma. Þar eru til húsa helztu samtök bændanna, svo sem Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda o. fl.

Þar er og Hótel Saga, með sinn Stjörnusal, Súlnasal, Átthagasal, Mímisbar og mörg og glæsileg gistiherbergi. Þangað liggur leið erlendra og innlendra gesta. Þar eru haldnar ráðstefnur og ýmiss konar samkvæmi. Þangað koma menn af ýmsum þjóðernum og ýmsum stéttum og stigum. Þarna hittast menn að austan og vestan, sunnan og norðan. Öllum ber saman um það að fyrirgreiðsla og þjónusta í Hótel Sögu sé til mikillar fyrirmyndar, starfsfólki og stjórnendum þar til hins mesta sóma.

Sá er þessar línur ritar átti þess kost að reyna aðbúnað og heyra hótelgesti segja frá sinni reynslu af starfsháttum í Hótel Sögu, ekki alls fyrir löngu.

Hér koma ummæli örfárra af þeim mörgu hótelgestum, sem sögðu sitt álit: „Hér er alveg dásamlegt að gista, þjónustan er alveg draumur — —"

— „Ég tel að þjónustan hér í Hótel Sögu sé alveg fyllilega sambærileg við það sem gerist í 1. fl. hótelum sem ég hefi gist á bæði í Evrópu og Ameríku."

„— — Við hjónin gistum ekki annars staðar en á Hótel Sögu, þegar við komum í bæinn — það er svo ódýrt hjá okkur bændafólkinu og svo er reglusemin og þjónustan alveg framúrskarandi góð — —"

„— — Þetta var okkur hjónunum mikil upplyfting að gista hér, og reglusemin og þjónustan alveg dásamleg, svo fáum við sveitafólkið svo ódýra gistingu hérna — —".

Þetta sagði fólkið: — Viðförull læknir — Bændur — Húsfreyjur — bílstjórar — allir á einu og sama máli: Ekki á betra kosið.

Áður en ég hélt heimleiðis, eftir að hafa gist í Hótel Sögu ásamt konu minni í sl. marzmánuði, kom ég í skrifstofu hótelstjórans. Ég bað hann að segja lesendum Þjóðólfs í örstuttu máli frá starfrækslu hótelsins. Varð hann góðfúslega við þeim tilmælum:

— Aðsókn hefur aukizt jafnt og þétt frá upphafi og þrátt fyrir tilkomu hins nýja Loftleiðahótels, jókst umsetning hér á sl. ári og það sem af er þessu ári hefur verið met aðsókn.

— Þetta eru góðar fréttir. Gildir þetta jafnt um erlenda og innlenda gesti?

— Já, það aukast hér gestakomur bæði erlendra og innlendra.

— Og bændafólkið utan af landsbyggðinni — það gistir hér?

— Já, bændagistingar virðast eiga vaxandi vinsældum að fagna, enda fá bændur og húsfreyjur **mun ódýrari** gistingu hér, frá 1. október til 1. maí. T.d. dvöldu bændur hér 135 gistinætur í janúar og febrúar í fyrra, en sömu mánuði í vetur 327 gistinætur.

— Hvernig er svo fjárhagsútkoman?

— Hún var ekki eins góð á sl. ári og árið 1965.

— Hver er ástæðan?

— M. a. hafa rekstrarvörur og laun stórhækkað, en þjónustan er seld á sama verði og t. d. gisting hefur lækkað, m. a. vegna aukinnar samkeppni.

— Hvað er með aðsókn að samkomusölunum?

— Á veturna er mjög mikil aðsókn að þeim, og þetta er undirstaða undir okkar starfrækslu.

— Hingað koma ýmsir góðir gestir?

— Já, vissulega. Hér koma gestir hvaðan æfa úr veröldinni, sumir mjög háttsettir og hér eru fjölmennar ráðstefnur og mannamót.

— Framtíðarhorfur?

— Hér er vaxandi ferðamannastraumur og hvað aðsókn áhrærir er ég mjög bjartsýnn, en ef allt verðlag hækkar, en seld þjónusta stendur í stað, er auðvitað ekki eins bjart yfir fjárhagsútlitinu.

☆

Þetta m. a. sagði Konráð Guðmundsson, hótelstjóri. — Hann er mörgum Sunnlendingum að góðu kunnur. Æskustöðvar hans eru á Stokkseyri. Athafnaþráin virðist honum ásköpuð, enda í mörg horn að líta, að stjórna hinu stóra heimili að Hótel Sögu.

Stjas.





Sigurgrímur Jónsson og frú Unnur Jónsdóttir.

Sigurgímur Jónsson heiðraður

1. jan. sl. var Sigurgrímur Jónsson bóndi í Holti í Stokkseyrarhreppi, formaður MBF, sæmdur riddarakrossi hinnar íslenzku Fálkaorðu í viðurkenningarskyni fyrir mikil og margvísleg félagsmálastörf, unnin fyrst og fremst í þágu bænda og landbúnaðarmála. Er óþarft að kynna Sigurgrím og störf hans frekar í þessu sambandi. Hann þekkja allir Sunnlendingar.

Kvæntur er Sigurgrímur Unni Jónsdóttur. Þeirra börn eru: Jón, Hörður og Jóhann Vernharður, allir bændur í Holti, Ingibjörg Þóra frú, Áslaug húsmæðrakennari, Skúli Birgir bankafulltrúi, Ragnheiður flugfreyja og reiðskólakennari, Grímur húsasmíðameistari og *Hákon Gamaliel fulltrúi. Barnabörn eru mörg.*

Hvorum fylgir hann?

Fulltrúi Alþýðuflokksins í yfirkjörstjórn er Guðmundur Daníelsson. Fulltrúi sá, er Gylfi Þ. Gíslason menntamálaráðherra skipaði í skólanefnd Laugarvatnsskólans er Guðm. Daníelsson. Þriðji meðmælandi á lista Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi við alþingiskosningarnar er Guðm. Daníelsson. Ritstjóri flokksblaðs sjálfstæðismanna á Suðurlandi er Guðm. Daníelsson.

Er Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn á Suðurlandi einn og sami flokkurinn eða er Guðm. Daníelsson í báðum?

Stúdentafélagsfundur um velferðarmál Suðurlands

Stúdentafélag Suðurlands gekkst fyrir umræðufundi um framfaramál Suðurlandsundirlendis í Selfossbíói þann 3. maí Var hann allvel sóttur, enda lá í lofti, að pólitík sæti þar í fyrirrúmi, þar sem efstu mönnum allra framboðslistanna var boðið, sem frummælendum.

Gjaldkeri Stúdentafélagsins, Jón Guðbrandsson, dýralæknir, setti umræðufundinn í fjarveru formanns, Arnórs Karlssonar. Skipaði hann þá Pál Jónsson tannlækni til fundarstjóra og Árna Stefánsson skólastjóra sem fundarritara. Þá var sérstaklega gefið orðið í upphafi „fulltrúum kjósenda" í héraðinu, þeim Herði Sigurgrímssyni í Holti, Kristjáni Finnbogasyni á Selfossi og Valgarð Runólfssyni í Hveragerði. Ræddi Hörður í Holti um atvinnumál, og við uppbyggingu þeirra í héraðinu kvað hann fjármagnsatriðið vera erfiðast. Þessa hluti þyrfti að gera, „en peningunum væri haldið fyrir okkur, þeir færu ekki út á landsbyggðina. Kristján Finnbogason hafði framsögu um vega- og samgöngumál almennt. Hann kom með það sjónarmið, að miklu meiri samvinnu þyrfti milli fjármögnunar í strandferðaskipum, nýjum vegum og innfluttum flutningabifreiðum. Þannig mætti ekki flytja inn þyngri bíla en vegagerðin leyfði og styddist hún þá við gerð vega núna en ekki væntanlega gerð þeirra í ófyrirsjáanlegri framtíð. Og heldur ekki mætti líða það að bifreiðir færu með yfirþunga allt að 14 tonn á staði út um land, þangað sem skylt væri að halda uppi eðlilegum strandferðum. Valgarð Runólfsson benti í sinni framsöguræðu á erfiðleika fámennra staða á fullkominni framkvæmd fræðslulaga. Væri það erfiðast í gagnfræðastigskerfinu, og þar yrðu skólahéruð að vera stærri.

Var þá röðin komin að fulltrúum flokkanna, og talaði fyrst

Framh. á bls. 10



Samsöngur Karlakórs Selfoss

Fimmtudaginn 4. maí sl. efndi Karlakór Selfoss til samsöngs í Selfossbíói.

Húsfyllir var, og söngnum mjög vel tekið.

Í Karlakór Selfoss eru 30 kórfélagar sem æft hafa af mikilli alúð í vetur, undir ágætri stjórn söngstjórans, Einars Sigurðssonar.

Árangurinn fengum við að heyra í Selfossbíói á þessum ágæta samsöng.

Kórinn varð að endurtaka flest lög á söngskránni, og syngja mörg aukalög.